

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit
á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða nr. 385/2012.

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 10.068
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni, sbr. eftirlitsáætlun	kr. 14.500

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, 3. mgr. 12. gr. og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 með síðari breytingum, lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 25. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum. Gjaldskrárbreyting þessi var samþykkt í heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis þann 9. maí 2014 og öðlast gildi við birtingu.

Bolungarvík, 9. maí 2014.

Anton Helgason,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis.